



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Landsmóts UMFÍ
á 100 ára afmæli hreyfingarinnar
Kópavogi
5. júlí 2007**

Þegar ungir menn fyrir hundrað árum tóku höndum saman á Þingvöllum við Öxará brann hugsjónaeldur í brjóstum þeirra og draumurinn um frelsi og sjálfstæði Íslendinga varð aflvaki til aukinna dáða.

Ungmennafélögin urðu baráttutæki, vettvangur íþróttar og umbótastarfs; mörkuðu spor í nýrri sókn, hvarvetna í byggðum landsins.

Á aldarafmæli getur UMFÍ glaðst yfir glæsilegri sögu, fagnað hve kröftug hreyfingin er á okkar tímum, burðarás í íþróttalífi og æskulýðsmálum Íslendinga; aflvaki sem enn er ætlað mikið hlutverk; landsmótin jafnan vettvangur gleði og leikja, vitnisburður um aga og þjálfun.

Það er fjölmenn sveit sem í tímans rás hefur skarað framúr, sett ný met sem mörg hver hafa staðið lengi. Það segir líka mikla sögu að Íslendingar sem staðið hafa á verðlaunapalli Ólympíuleika fyrir afrek í frjálsum íþróttum áttu því láni að fagna að vera fóstruð af ungmennafélögunum á fyrstu árum keppnisferils.

Enn á ný heldur UMFÍ Landsmótið með glæsibrag og heimamenn í Kópavogi sýna í verki hve mikils þeir meta hreyfinguna.

Bærinn hefur búið æsku sinni frábæra aðstöðu til keppni og leikja; mannvirkin einstök umgjörð sem eflir metnað og getu.

Það er vitnisburður um rétta sýn á gæði lífsins og auðlindirnar sem mestu skipta að æskufólk skuli sett í forgang á þann hátt sem Kópavogur hefur gert.

Þótt frumherjar UMFÍ væru fyrir hundrað árum bjartsýn sveit hefðu þeir ekki getað gert sér í hugarlund þá glæsilegu aðstöðu til íþróttastarfs sem Kópavogur hefur boðið hreyfingunni á þessu hátíðarári, en þá er þess líka að minnast að UMFÍ hefur átt ríka hlutdeild í uppeldi kynslóðanna sem notið hafa æskuára í Kópavogi.

Á þessum merku tímamótum hugsum við með þakklæti til þúsundanna sem helgað hafa hreyfingunni krafta sína, hyllum það afrek að hún hefur haldið velli í umrótinu sem fylgt hefur byltingum í þjóðfélagsháttum, staðið keik í stormum sinnar tíðar, heilsar nú nýrri öld sem öflug og breið fjöldahreyfing.

Ég færi UMFÍ heillaóskir allra Íslendinga og þakka þá ríkulegu hlutdeild sem hreyfingin hefur átt í íþróttalífi, menningu og framförum þjóðarinnar.

Ég færi keppendum og fjölskyldum þeirra árnaðaróskir og þakka UMFÍ fjölmargar ánægjulegar samverustundir á umliðnum árum.

Við eigum nú í vændum einstaka íþróttaveislu, fjölbreytta hátíð; þökk sé bæði UMFÍ og Kópavogi.

Til hamingju!